# Frumvarp og lög stúdentaráðsins

Bjarni Benediktsson –Menntaskólinn í Reykjavík – Stúdentaráð

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Uppvaxtar- og námsár
Askja 1-5, Örk 3

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lög stúdentaráðsins
samþykt 12.okt.1923.

1.grein,

Við Háskóla Íslands skal vera Stúdentaráð.

2.grein.

Stúdentaráðið skal gæta hagsmuna stúdenta í hvívetna og vera fulltrúi þeirra innan Háskólans og utan. Þó getur það skipað stúdenta utan ráðsins til þess að annast stjórn og framkvæmdir ýmsra mála og fyrirtækja er undir það heyra.

3.grein.

Í Stúdentaráðinu eiga sæti níu fulltrúar. Skal hið fráfarandi stúdentaráð velja einn úr sínum hóp. Auk þess kýs hver háskóladeild einn fulltrúa úr flokki deildarmanna. Loks skulu fjórir kjörnir af öllum ~~xkx~~ skrásettum háskólastúdentum. Fráfarandi stúdentaráð sér um kosninguna.

4.grein.

Allar kosningar skulu vera skriflegar. Kosningu hinna deildarkjörnu fulltrúa skal lokið fyrir 15.okt en hinna skólakjörnu eigi síðar en 20. okt. Framboð til skólakjörs verður að afhendast fráfarandi stúdentaráði a.m.k. tveimur dögum fyrir kosningu og fylgi því meðmæli eigi færri kjósenda en tíu. Kosning allra fulltrúa gildir til eins árs.

5.grein,.

Stúdentaráðinu skal stjórnað af þremur ráðsmönnum: formanni, féhirði og ritara. Skulu þeir kosnir á fyrsta fundi hvers ~~xýkxx~~ nýs stúdentaráðs. Að því loknu skal háskólaráðinu tilkynt um skipun stúdentaráðsins.

6.grein.

Stjórn Stúdentaráðsins er fulltrúi þess innan Háskólans og utan. Hún annast dagleg ráðsstörf.

7.grein.

Stúdentaráðsfundur er því aðeins lögmætur að a.mkk. 2/3 fulltrúa séu mættir. Afl atkvæða ræður úrslitum. Fundargerðir skal bóka.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8.grein.

Formaður stúdentaráðsins stýrir fundum þess. Hann undirritar, ásamt ritara, fundargerðir og erindi er ráðið sendir frá sér. Sé um mál að ræða, er sérstaklega snerta ákveðna deild Háskólans, skal þó jafnan fulltrúi þeirrar deildar, undirrita erindi með formanni í stað ritara.

9.grein.

Réttara væri að hafa hér „alm."

Fráfarandi stúdentaráð, skal áður en kosning fer fram gera stúdentafundi grein fyrir gerðum sínum. Sömuleiðis skal það senda háskólaráði skýrslu um störf sín á liðnu ári og hag þeirra fyrirtækja, er undir það heyra. Reglugerðir, er ráðið kann að setja um slíkk fyrirtæki skulu jafnan bornar undir alm stúdentafund.

10.grein.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um stúdentaráð við Háskóla Íslands frá 20.okt. 1920.

Lög þessi öðlast gildi, er þau hafa verið samþykkt með meiri hluta greiddra atkvæða á almennum fundi skrásettra háskólastúdenta og auk þess öðlast samþykki háskólaráðsins. Um gildistöku viðauka og breytinga fer á sama hátt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

F r u m v a r p

til laga fyrir Nýja Stúdentafélagið.

1. gr.

Félagið heitir Nýja Stúdentafélagið.

2. gr.

Tilgangur félagsins er:

a ð efla víðsýni stúdenta, framtak þeirra og félagslíf,

a ð beita sér fyrir hagsmunamál stúdenta,

a ð kynna sér nýungar í andlegum og verklegum efnum og fræða þjóðina um þær,

í stúdentamáli

a ð starfa gegn íhaldi og afturhaldi í þjóðmálum og menntamálum.

3. gr.

Tilgangi sínum hyggst félagið að ná:

m e ð fundahöldum og rökræðum,

m e ð fyrirlestrum og útgáfu rita,

m e ð áhrifum á löggjöf um málefni stúdenta og önnur menntamál,

m e ð því að koma upp lesstofu stúdenta og stuðla að samtökum um blaða og bókakaup,

m e ð því að koma á samvinnu með íslenzkum stúdentafélög og sambandi við erlend stúdentafélög,

m e ð því að styðja félagsframkvæmdir stúdenta um íþróttir, söng, leiksýningar, lánssjóð, sjúkrasjóð, stúdentagarð o.fl.

4. gr.

Félagar geta þeir orðið, sem tekið hafa stúdentspróf, enda lýsi þeir yfir því að þeir vilji starfa samkvæmt tilgangi félagsins, (en gegn flokkssamtökum íhaldsmanna). Nýir félagar skulu samþykktir af meirihluta fundarmanna.

5. gr.

Fundi heldur félagið er þörf þykir, að minnsta kosti einu sinni í mánuði meðan háskólinn starfar. Stjórninni skal

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skylt að halda fund innan viku ef 10 félagsmenn krefjast þess skriflega.

Kjósa skal fundarstjóra í byrjun hvers fundar.

6. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn í nóvembermánuði ár hvert.

7. gr.

Á aðalfundi skal kjósa stjórn félagsins, formann, varaformann og 5 stjórnendur aðra; ennfremur 2 endurskoðendur.

Formann og varaformann skal kjósa sérstaklega. Að öðru leyti skiftir stjórnin með sér verkum.

8. gr.

Stjórnin skal þegar fara frá ef hún sætir vantrausti af fundi, enda sé meira en helmingur félagsmanna á fundi.

9. gr.

Árgjald til félagsins er 10 krónur. Meðan stúdent stundar nám við háskóla er þó árgjald hans 2 krónur.

10. gr.

Lögum þessum má breyta á hverjum fundi, sem boðaður hefir verið með þriggja daga fyrirvara, enda hafi verið getið um lagabreytinguna í fundarboði.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# F R U M V A R P

til laga um breyting á lögum, samþ. á alm. stúdentafundi 12. okt. 1923, um Stúdentaráð Háskóla Íslands.

---

## 1. gr.

Lok núverandi IV gr. bætist inn í III. gr. á undan síðustu setningu.

## 2. gr.

Í stað núv. IV. gr. komi tvær gr., 4. og 5. gr., er orðist svo:

4. gr. Kosningu hinna deildarkjörnu fulltrúa skal lokið fyrir 20. okt. Til deildarkosninga skal boðað með auglýsingu, er festa skal upp á auglýsingatöflu Háskólans, eigi skemri tíma en sólarhring fyr en kosning skal fram fara. Kosning skal vera skrifleg. Rétt kjörinn fulltrúi er sá, er hefir meira en helming greiddra atkvæða, þeirra er á fundi eru. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð við fyrstu kosningu, skal kosið af nýju. Er þá sá rétt-kjörinn, er flest atkvæði fær. Ef tveir þeir hæstu fá jönf atkvæði skal enn kosið milli þeirra. En ef þá skerst eigi úr, skal hlutkesti ráða.

5. gr.: Skólakosning skal fara fram 4 eða 5 sólarhringum eftir að deildarkjöri er lokið. Framboð til skólakjörs verður að afhendast fráfarandi stúdentaráði, a.m.k. tveimur dögum fyrir kosningu, og fylgi því meðmæli eigi færri kjósenda en 10. Síðan skal tilkynna stúdentum á venjulegan hátt, hverjir í framboði eru. Kosningin skal vera skrifleg, og eru þeir 4 rétt kjörnir, er flest atkvæði fá. Ef atkvæði verða jöfn, skal hlutkesti ráða.

## 3. gr.

Aftan við IX. gr. bætist:

Stúdentaráði er skylt að halda almennan stúdentafund, ef minst ~~2~~ 4 ráðsmenn, eða 20 stúdentar krefjast. Þó skulu þeir ætíð geta um, hvaða mál þeir vilji að borið sé upp á fundinum. Til ~~slíkra~~ alm. stúdenta funda skal boða með auglýsingu, er festa skal upp á auglýsingatöflu Háskólans eigi síðar en 3 sólarhringum fyr en fundinn skal halda. Á almennum stúdentafundi ræður afl atkvæða. Stúdentaráði er skylt að fara eftir fyrirmælum alm. stúdentafundar. um málefni, sem auglýst hafa verið í fundarboði.

Ef alm. stúdentafundur lýsir vantrausti á stúdentaráði, skal það fara frá. Þó er því heimilt að kveðja til annars alm. stúdentafundar, er boða skal sem fyr segir innan 4 daga, um vantraustið. Ef vantraust verður þá aftur samþykt, skal ráðið fara frá og stofna til nýrra kosninga með venjulegum hætti. Vantraust nær eigi til þess fulltrúa, sem kjörinn hefir verið af stúdentaráði. En vilji hann eigi sitja, skal hið nýja ráð sjálft kjósa sjer oddamann.

---

## 4. gr.

Þegar breytingar þessar hafa öðlast gildi skulu þær feldar inn í lögin um Stúdentaráð Háskóla Íslands og þau gefin út af nýju með greinatölu í samræmi við breytingarnar.

[illegible signature]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## F R U M V A R P

til laga um breyting á lögum, samþ. á alm. stúdentafundi 12. okt. 1923, um Stúdentaráð Háskóla Íslands.

---

### 1. gr.

Lok núverandi IV gr. bætist inn í III. gr. á undan síðustu setningu.

### 2. gr.

Í stað núv. IV. gr. komi tvær gr., 4. og 5. gr., er orðist svo:

4. gr. Kosningu hinna deildarkjörnu fulltrúa skal lokið fyrir 20. okt. Til deildarkosninga skal boðað með auglýsingu, er festa skal upp á auglýsingatöflu Háskólans, eigi skemri tíma en sólarhring fyr en kosning skal fram fara. Kosning skal vera skrifleg. (Rétt kjörinn fulltrúi er sá, er hefir meira en helming greiddra atkvæða, þeirra er á fundi eru. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð við fyrstu kosningu, skal kosið af nýju. Er þá sá réttkjörinn, er flest atkvæði fær. Ef tveir þeir hæstu fá jöfn atkvæði skal enn kosið milli þeirra. En ef þá skerst eigi úr, skal hlutkesti ráða.)

5. gr. Skólakosning skal fara fram 4 eða 5 sólarhringum eftir að deildarkjöri er lokið. Framboð til skólakjörs verður að afhendast fráfarandi stúdentaráði, a.m.k. tveimur dögum fyrir kosningu, og fylgi því meðmæli eigi færri kjósenda en 10. Síðan skal tilkynna stúdentum á venjulegan hátt, hverjir í framboði eru. Kosningin skal vera skrifleg, og eru þeir 4 rétt kjörnir, er flest atkvæði fá. Ef atkvæði verða jöfn, skal hlutkesti ráða.

### 3. gr.

Aftan við IX. gr. bætist:

Stúdentaráði er skylt að halda almennan stúdentafund, ef minst 3 ráðsmenn, eða 20 stúdentar krefjast. Þó skulu þeir ætíð geta um, hvaða mál þeir vilji að borið sé upp á fundinum. alm. stúdf. Til slíkra funda skal boða með auglýsingu, er festa skal upp á auglýsingatöflu Háskólans eigi síðar en 2 sólarhringum fyr en fundinn skal halda. Á almennum stúdentafundi ræður afl atkvæða. Stúdentaráði er skylt að fara eftir fyrirmælum alm. stúdentafundar. um málefni, sem auglýst hafa verið í fundarboðinu.

Ef alm. stúdentafundur lýsir vantrausti á stúdentaráði, skal það fara frá. Þó er því heimilt að kveðja til annars alm. stúdentafundar, er [illegible] traustið. Ef vantraust verður þá aftur samþykt, skal ráðið fara frá og stofna til nýrra kosninga með venjulegum hætti. Vantraust nær eigi til þess fulltrúa, sem kjörinn hefir verið af stúdentaráði. En vilji hann eigi sitja, skal hið nýja ráð sjálft kjósa sjer oddamann.

---

### 4. gr.

Þegar breytingar þessar hafa öðlast gildi skulu þær feldar inn í lögin um Stúdentaráð Háskóla Íslands og þau gefin út af nýjum með greinatölu í samræmi við breytingarnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur